

## **Fundur stjórnar Sundráðs ÍRB**

### **Fundur nr. 9**

**15. júní 2010 í húsi Keflavíkur kl. 19:00**

Mættir: Sigurbjörg, Guðmundur, Hjördís, Helga, Herdís, Lúðvík, Elsie, Júlíus, Svala, Hrannar og Sigurþór. Steindór yfirþjálfari mætti einnig á fundinn.

#### **1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar**

Engar athugasemdir og hún skoðast samþykkt.

#### **2. Þjálfaramál**

Skrifað undir samning við Steindór á fundinum sem ætlar að taka að sér þjálfun yngri hópa. Þá er verið að ganga frá samningum við Maríu Jónu og Inga Þór sem munu taka að sér Heiðarskólaæfingar og Akurskólaæfingar. Sóley mun einnig taka að sér 2-3 hópa í Njarðvík og Heiðarskóla og Guðný Ester í Akurskóla. Hugmynd er að fá sundmenn sem hættir eru að æfa sem aðstoðarfólk á sundæfingum hjá yngri krökkum. Verið er að skoða þjálfara frá Nýja-Sjálandi. Hann kemur til landsins á fimmtudaginn 17. júní til að skoða aðstæður og vonandi ganga frá samningi.

#### **3. Undirbúningur fyrir næsta tímabil**

Fundur 9. ágúst vegna skráningar fyrir næsta tímabil. Athuga þarf nýtt skráningablað þar sem iðkendur geta valið UMFN eða Keflavík. Einnig þarf að huga að nýju fyrirkomulagi vegna hvatagreiðslna. Einnig þarf að athuga hvort gefa eigi fólki tækifæri til að velja sundlaugar og/eða þjálfara.

#### **4. Undirbúningur fyrir foreldrafund vegna AMÍ**

Fjáröflun 17. júní fer í sundsjóð sundmanna báðum megin.

Gjald fyrir AMÍ verður tekið úr sundsjóði nema foreldrar óski eftir öðru. Borið undir fundinn í kvöld.

#### **5. Hvatningarverðlaun og lokahóf**

Tillaga um að hafa hvatningarverðlaun og lokahóf sundráðs ÍRB eftir næsta tímabil eftir Akranesleika en fyrir AMÍ. Unnið verður að tillögum um hvernig viðurkenningar verða veittar og fyrir hvað verður veitt viðurkenningar. Steindór og María Jóna vinna að tillögum.

#### **6. Önnur mál**

a) Æfingatafla í vinnslu. Steindór kemur með nýja tillögu.

b) Fjölmiðlafulltrúi verður Falur Daðason. Sigurbjörg býður upp á námskeið í ConMan í haust fyrir þjálfara og stjórnir. Einnig verður vinnufundur þar sem farið verður yfir Felix.

c) Farið yfir iðkendatal hjá báðum deildum. Mikilvægt að iðkendatal sé rétt núna í vor. Elsie skoðar UMFN megin og Hrannar Keflavíkur megin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:55. Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir